

Fundargerð nr. 193

193. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 20.9.2019 kl. 8:45

Mætt: Raket Sveinsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurjón Vídalín, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. 6 mánaða uppgjör kynnt og rekstur er samkvæmt áætlun.
2. Fjárhagsáætlun 2020 lögð fram. Fyrirvari er á áætlun vegna kjarasamninga sem runnu út í júní 2019 og eru þeir enn lausir.
3. Kenndar klst. í sveitarfélögum. Kostnaðarskipting sveitarfélaga fyrir árið 2020 lögð fram.
4. Nýir kennarar. Sex nýir kennarar hafa verið ráðnir til skólans, samtals nema ráðningarnar tæpum tveimur stöðugildum. Það eru Heimir Ingi Guðmundsson á málmblastur, Jón Bjarnason á píanó, Skúli Gíslason á trommur, Daníel Cassidy á rytmíska fiðlu, Guðmundur Óli Gunnarsson í tónfræði og Timothy Andrew Knappett á píanó og tónfræði.
5. Húsnæðismál. Tónlistarskólinn hefur ekki kennt í samfylkingarsal í haust, verið er að vinna að endurbótum á húsnæðinu og stefnt að kennslu þar þegar endurbótum verður lokið. Kennt er í húsnæði Veiðisports á meðan.
6. Kennslustaðaheimsóknir í uppsveitum. Málinu frestað.
7. Persónuverndarfulltrúi. Verið er að vinna að endurskipulagningu á þjónustunni. Umræður um framtíðarfyrirkomulag.
8. Áherslur vetrarins. Hefðbundið skólastarf verður í vetur m.a. skólaheimsóknir í 2. bekk í grunnskólum, þátttaka á uppskeruhátíðinni Nótunni og tónleikahald. Í vetur verður þema skólans tölvuleikja- og teiknimyndatónlist og mun það endurspeglast í tónleikahaldi.
9. Önnur mál.

Fyrir liggur að Raket Sveinsdóttir mun ganga úr stjórn á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga þann 15. október n.k. Í hennar stað er tilnefnd Kristín Magnúsdóttir. Stjórn og stjórnendur skólans þakka Raket fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:30/KH

*Raket Sveinsdóttir,
Kolbrún Haraldsdóttir,
Sigurjón Vídalín,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*